

Formannafundur 12. sept. 2017

Frá stjórn mættu: Snorri, Jón Þór, Kristín, Eiður, Jakob, Sigurða og Vilborg

Deildirnar sögðu frá í þeirri röð sem formennirnir sátu:

- Helgi Briem formaður Kraftlyftingadeildar:
 - eiga einn heimsmeistara í unglingsaflokki og marga efnilega. Mikil aðsókn hjá byrjendum. Orðin þröng á þingi suma daga, æfa á ganginum undir keppnislauginni í Laugardalslaug. U.þ.b. 20 – 30 manns á hverri æfingu. Eiga íþróttamann Reykjavíkur. Margir iðkendur á aldrinum 40 – 60 ára, jöfn kynjahlutföll. Vilja vera betur merkt í afgreiðslunni í lauginni.
- Tryggvi Gunnarsson formaður Júðódeildar:
 - starfið að fara í gang, stigvöxtur í iðkenda fjölda. Byrjendanámskeið að hefjast. Með marga þjálfara aldrei þessu vant. Starfið gengur vel heilt yfir. Með marga iðkendur en fáa keppendur, vonast eftir aukningu þar. Ósátt með tjaldið niðri í Skelli, þ.e. hve júðódeildin er illa merkt. Vantar sárlega félagsaðstöðu, klúbbastemmingu.
- Bergþóra Guðmundsdóttir formaður Sunddeildar:
 - Alltaf að stækka, komin með þjálfara vana uppbyggingu yngri iðkenda. Fylkir lánar þeim aðstöðu í Árbæ, gott samstarf, skiptir miklu máli. Eru að auka yngri barna sund í Laugardalslaug, Sundhöllin lokuð sem veldur vandræðum. Á að opna í janúar. Fá ekki að nota útilaugina til æfinga, verður túristalaug. Um 150-160 iðkendur.
- Karl Guðlaugsson formaður Körfudeildar:
 - Fjölguðu æfingum í Langholtsskóla, kjaffullt á öllum æfingum. Fyrsta sinn í vetur er meistaraflokkur kvenna. Mikil fjölgun iðkenda, bæði kyn. Alltaf gert vel við stelpur, boðið uppá það sama. Fáum vonandi yfirráð yfir íþróttahúsinu við KHÍ næsta vor þegar borgin fær það frá ríkinu. Hægt að gera félagsaðstöðu þar fyrir körfuna.
- Elísabet Guðmundsdóttir formaður Fimleikadeildar:
 - Fara vel af stað. Nýr yfirþjálfari ráðinn í sumar Sæunn S. Viggósdóttir. Verið að glíma við skort á strákum eins o.fl. Stökkfímihópur stofnaður fyrir drengi sem fylltist strax, vantar þjálfara. Líka biðlisti í Parkour. Í hóp fimleikunum hefur Marion tekið við aðalþjálfarastöðunni af Jónasi Valgeirs., góð stemming og uppsveifla. Með þrjá landsliðskeppendur. Missum ekki áhalda iðkendur yfir í önnur félög eins og hóp fimleika iðkendurna. Svipaður iðkenda fjöldi ca. 700.
- Hólmfríður Inga Eyþórsdóttir formaður Taekwondo:
 - Allt að skríða í gang. Eldri skiluðu sér nokkuð vel. Afreksunglinga strákarmenntskælingar, m/svarta beltið komnir til baka, misstu þá ekki eins og tíðkast hefur. Komast í landslið 12 ára, eiga marga flotta landsliðsmenn. Krílin koma sterk inn eftir lágdeildu. U.þ.b. 80 iðkendur. Allir landsliðsiðkendur m/svarta beltið eru aðstoðarþjálfarar, eru framtíðin. Verja von um ÍM titil.
- Bryndís Haraldsdóttir ritari Skíðadeildar:
 - Iðkenda fjöldi er að aukast, verður svipað eða um 120. Ráða ekki vel við meira. Þarf að fjölga þjálfurum, en erfitt að finna, einkum vegna óstöðugleika, þ.e. fjöldi æfinga v/veðurs. Meiri heilsársíprótt, þrekæfingar á haustin, vantar

aðstöðu. Stór hópur 150 að fara í æfingaferð í janúar til Austurríkis. Skálinn hjarta deildarinnar, góð félagsaðstaða. Ná iðkendum út á hann, vel staðsettur.

- Sigmundur Davíðsson stjórnarmaður í Lyftingadeild:
 - Eru í samfloti með kraftlyftingadeild í Laugardalslauginni. Aðstaðan orðin mjög fín núna. Byrjendanámskeið í boði, aukinn áhugi. Eru að taka 10 manns á hvert námskeið. Framhaldsnámskeið í boði. Iðkendur eru í eldri kantinum 30 – 50 ára og eldri. Tveir unglingar, annar tók gull á síðasta ÍM. Vantar að efla yngri. Vantar félagsaðstöðu t.d. til að horfa saman á erlend mót. Opið frá 18 – 22, gríðarleg bæting. Fjöldi iðkena 20 – 40 manns.

- Snorri:
 - Sækja verður um í afrekssjóð ÍBR.
 - Fá fréttir af mótum o.fl. frá deildum.
 - Duglegri að virkja Ármann út á við.
 - 2013 var 125 ára afmæli. Fá góða veislu 2018 á 130 ára afmælinu, stofna nefnd.